



SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími:545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 1. september 2021
Tilv.: SRN21090001/4.10.0

Efni: Breytingar á leiðbeiningum um ritun fundargerða og notkun fjarfundarbúnaðar

Til allra sveitarfélaga,

Þann 13. júní sl. samþykkti Alþingi lög um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 96/2021, sem m.a. víkka heimildir sveitarfélaga til að ákveða að sveitarstjórnarmönnum sé heimilt að taka þátt með rafrænum hætti í fundum sveitarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélaga.

Þessar breytingar á sveitarstjórnarlögum kalla jafnframt á uppfærslu á leiðbeiningum um ritun fundargerða nr. 22/2013 annarsvegar og notkun fjarfundabúnaðar nr. 1140/2013 hins vegar og hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið unnið að drög að nýjum leiðbeiningunum í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Helstu breytingar fela í sér:

1. Þegar nefndarmaður tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann vera staddur í viðkomandi sveitarfélagi eða í erindagjörðum innanlands á vegum þess, sbr. lög nr. 96/2021.
2. Að öllu jöfnu skal hver og einn fundarmaður, hvort sem hann er staddur á fundarstað eða annars staðar, vera sýnilegur öðrum fundarmönnum á meðan á fundi stendur þannig að hægt sé að fylgjast með innleggi hans og þátttöku í fundi án hindrana.
3. Heimilt er að fram fari leynileg atkvæðagreiðsla þegar einhver fundarmanna tekur þátt í fundi með rafrænum hætti sé tryggt að slík atkvæðagreiðsla fari fram með öruggum hætti.
4. Ef fundarmaður í fjarfundi missir samband við fundinn skal gert fundarhlé og miða skal við að fundur hefjist ekki að nýju fyrr en samband hefur náðst við fundarmanninn, hann veiti samþykki fyrir því að fundi verði haldið áfram án hans eða varamaður hefur tekið sæti á fundinum.

Ef fundarhlé hefur staðið yfir í meira en 30 mínútur og ekki hefur tekist að uppfylla skilyrði 1. mgr. fyrir áframhaldi fundarins, er heimilt að fundur hefjist að nýju ef fundurinn er að öðru leyti ályktunarhæfur.

5. Heimild til staðfestingar sveitarstjórnarmanna/nefndarmanna á fundargerðum fjarfunda hafa verið rýmkaðar. Heimilt er að undirrita fundargerð með rafrænum hætti eða staðfesta hana með tölvupósti.

Er sveitarfélaginu veitt færi á að veita umsögn sína um framkomna tillögu að nýjum leiðbeiningum áður en þær verða staðfestar að ráðuneytinu.

Vert er að nefna að við vinnslu leiðbeininganna kom m.a. til umræðu hvort að tilefni væri til að afnema skyldu sveitarfélaga til að halda gerðabækur þar sem að ljóst er að flest sveitarfélög vinna fundargerðir sínar nú með rafrænum hætti. Óskar ráðuneytið því sérstaklega eftir álitum sveitarfélagsins á því hvort að það telji enn þörf á gerðarbók fyrir fundargerðir sínar.

Þá er vakin athygli sveitarfélagsins á því að skv. 17. gr. sveitarstjórnarlaga þarf að vera mælt fyrir heimild til þátttöku í fundum á vegum sveitarfélags með rafrænum hætti í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Gera má því ráð fyrir að sveitarfélagið þurfi að uppfæra samþykkt sína vilji það víkka heimildir sveitarstjórnarmanna til að taka þátt með rafrænum hætti í fundum á vegum sveitarfélagsins.

Í nýrri fyrirmynd að stjórn um samþykkt sveitarfélaga, sem birt verður á næstu vikum, leggur ráðuneytið til að ákvæði í samþykkt sveitarfélagsins sem heimilar fjarfundi sé á þessa leið:

„Sveitarstjórnarmenn/nefndarmenn í sveitarstjórn og í nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins er heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti. Fer um framkvæmd slíkra funda skv. leiðbeiningum ráðuneytisins, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.“

Það ber jafnframt að athuga að sveitarfélag getur þrengt skilyrði sveitarstjórnarlaga og leiðbeininga ráðuneytisins um framkvæmd fjarfunda og skal það þá tekið fram í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Sveitarfélögum er þó ekki heimilt að víkka heimildirnar.

Í gildi er ákvörðun samgöngu- sveitarstjórnarráðherra sem birt var með auglýsingu nr. 894/2021, í B-deild Stjórnartíðinda sem heimilar sveitarfélögum að halda fjarfundi vegna Covid-19 faraldursins, þrátt fyrir að skilyrði sveitarstjórnarlaga eru ekki uppfyllt og þess er ekki getið í stjórn um samþykkt sveitarfélagsins. Ákvörðunin ráðherra gildir eingöngu til 1. október n.k. og er sveitarfélagið því hvatt til að huga að breytingum á samþykkt sinni telji það ástæðu til að heimila rafræna þátttöku nefndarmanna í fundum á vegum sveitarfélagsins.

Fyrir hönd ráðherra

Ragnhildur Hjaltadóttir

Hermann Sæmundsson